



Louisa Matthíasdóttir á Kjarvalsstöðum.

Sýning Louisu

Yfirlitssýning á verkum Louisu Matthíasdóttur verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag kl. 16.00. Á sýningunni eru um fimmtíu myndir sem spanna allan feril hennar. Elsta myndin á sýningunni er frá því um 1939 en sú yngsta er máluð á þessu ári. Í

Sýningar

þeim verkum má glögglega sjá hvernig list Louisu hefur þróast í gegnum árin.

Louisa fæddist í Reykjavík árið 1917 og stundaði listnámi í Danmörku, París og New York en þar hefur hún búið undanfarin 40 ár. Hún er viðurkenndur listmálari í Bandaríkjunum sem og hér á landi. Hún sækir myndefni sitt að miklu leyti til Íslands og segir sjálf að ekkert landslag hafi haft sömu áhrif á sig og það sem hún upplifði í æsku hér heima.



Valentina Térésjkova var fyrsta konan út í geiminn.

Fyrsta konan í geiminn

Fyrsta konan, sem fór á braut um jörðina, var undirlautin (síðar undirforst) Valentina Vladimirovna Térésjkova (f. 6. mars 1937) er henni var skotið á loft í Vostok 6. frá Tyuratam í Sovétríkjunum kl. 9.30 að morgni hinn 16. júní 1963. Hún lenti kl. 8.16 að morgni hins 19. júní eftir flug í 2 daga, 22 klst. og 50 mínútur. Á þeim tíma fór hún 48 umferðir (1.971.000 km) og komst örstutta stund innan við 5 km fjarlægð frá Vostok 5.

Blessuð veröldin

Einstæð megrun!

120 lesta steypireyður (*Balaenoptera musculus*) getur lést um allt að fjórðung líkamspungans á sjö mánaða tímabili meðan hún hefur kálf sinn á spena.

Stærstu stafir!

Auglýsingastafirnir READ-YMIX, 183 m háir, skammt frá East Balladonia, í Ástralíu, eru taldir stærstu bókstafir heims. Þeir voru gerðir í desember 1971.

Hlýrra sunnanlands

Á höfuðborgarsvæðinu verður norð-vestangola eða kaldri síðdegis og bjartviðri, hiti 4 til 12 stig.


Veðrið í dag

Víða verður aðeins gola eða kaldi þegar líður á daginn. Á Norður- og

Austurlandi verður að mestu úrkomulaust þegar líður á daginn. Sunnan- og vestanlands verður bjartviðri. Áfram verður fremur svalt um norðanvert landið en allt að 16 stiga hiti sunnanlands.

Veðrið kl. 12 í gær:

Akureyri	skýjað	7
Egilsstaðir	rign. og súld	9
Galtarviti	rigning	4
Keðlavíkurlugvöllur	hálfskýjað	10
Kirkjubæjarklaustur	léttskýjað	15
Raufarhöfn	þokumóða	6
Reykjavík	skýjað	9
Vestmannaeyjar	rykmistur	11
Bergen	skýjað	14
Helsinki	skúr	15
Oslo	skýjað	18
Stokkhólmur	skýjað	18
Þórshöfn	rigning	10
Amsterdam	súld	19
Barcelona	léttskýjað	29
Berlín	skýjað	22
Chicago	léttskýjað	20
Feneyjar	heiðskirt	29
Frankfurt	hálfskýjað	26
Glasgow	skúr	14
Hamborg	skýjað	20
London	skýjað	21
Madrid	skýjað	37
Malaga	léttskýjað	31
Mallorca	hálfskýjað	31
Montreal	alskýjað	20
Nuuk	alskýjað	6
Orlando	þokumóða	26
Paris	léttskýjað	28
Valencia	mistur	31
Vín	léttskýjað	25
Winnipeg	léttskýjað	11



Veðrið kl. 12 í dag

Rauða ljónið:

Íslenskir slagarar

Um helgina og næstu helgi verður hljómsveitin Sín á Rauða ljóninu á Eidiðstorgi. Arna Þorsteins sér um sönginn en hún hefur sungið með mörgum hljómsveitum þó ung sé að árum. Guðmundur Símonar leikur á gítar og syngur og hljómborðsleikari er Guðlaugur Sigurðsson en hann hefur m.a. leikið með Logum frá Vestmannaeyjum.

Skemmtanalífið

Hljómsveitin leikur alls konar tónlist og yfirleitt það sem gestirnir biðja um en íslenskir slagarar og danstónlist er í hávegum höfð hjá Sín.




Hljómsveitin Sín verður á Rauða ljóninu.

Myndgátan

Lausn gátu nr. 700:



Hafnsögumaður



Myndgátan hér að ofan lýsir athöfn.



Grameðlan reynist fólkinu skeinuhætt.

Júragarðurinn

Það er mikið lagt undir við sýningu á Jurassic Park því hún er sýnd í þremur kvikmyndahúsum, Háskólabíói, Bíóhöllinni og Bíóborginni.

Myndin fjallar um tvo fornleifafræðinga, dr. Alan Grant og Ellie Sattler. Milljónamæringurinn

Bíó í kvöld

John Hammond býður þeim með sér til eyju í Karíbahafinu til að skoða gælulverkefni sitt, Júragarðinn. Þegar þau koma til eyjunnar mæta þeim lifandi risaeðlur og grameðlan reynist sérlega skeinuhætt. Hún er kjötæta og afar grimm. Grameðlan nær að brjóta sér leið út úr girðingunni og þá fer spennan af stað.

Myndin hefur fengið mjög góðar viðtökur hér heima, sem og erlendis. Hún hefur þegar sett aðsóknarmet en um 25.000 manns sáu myndina fyrstu vikuna. Tæknivinna þykir frábær og þykir áhorfendum sem risaeðlurnar séu lifandi en ekki fyrirbæri úr tölvum.

Nýjar myndir

Háskólabíó: Jurassic Park
Laugarásbíó: Herra föstri
Stjörnubíó: Síðasta hasarmyndahetjan
Regnboginn: Þríhyrningurinn
Bíóborgin: Jurassic Park
Bíóhöllin: Jurassic Park
Saga-bíó: Flugásar

Gengið

Almenn gengisskráning Lí nr. 188.
18. ágúst 1993 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	71,320	71,520	72,100
Pund	106,600	106,900	107,470
Kan. dollar	54,190	54,350	56,180
Dönsk kr.	10,3280	10,3590	10,7850
Norsk kr.	9,7140	9,7430	9,8060
Sænsk kr.	8,9570	8,9840	8,9360
Fi. mark	12,2970	12,3340	12,3830
Fr. franki	12,0270	12,0630	12,2940
Belg. franki	2,0023	2,0083	2,0254
Sviss. franki	47,4800	47,6200	47,6100
Holl. gyllini	37,4900	37,6000	37,2800
Þýskt mark	42,1500	42,2700	41,9300
It. líra	0,04458	0,04474	0,04491
Aust. sch.	5,9900	6,0110	5,9700
Port. escudo	0,4125	0,4139	0,4127
Spá. peseti	0,5116	0,5134	0,5154
Jap. yen	0,69980	0,70190	0,68250
Írskt pund	99,150	99,440	101,260
SDR	100,41000	100,72000	100,50000
ECU	80,4400	80,6800	81,4300

Simsvari vegna gengisskráningar 623270.

Golf og snóker

Um helgina verður sveita-keppni í golfi í 1., 2. og 3. deild. 1. deild leikur á Hvaleyrarholti, 2. deild í Vestmannaeyjum og 3. deild á Sauðárkróki. Leikið verður til úrslita í HM í snóker U-21.

Íþróttir í dag

Do Daan Goda Indika frá Sri Lanka keppir um fyrsta sætið við Íslending en þegar þetta er ritað er ekki vitað hvort það verður Kristján Helgason eða Jóhannes B. Jóhannesson.

Tveir leikir verða í 2. deild í knattspyrnu. UBK og BÍ keppa og Leiftur og Þróttur, Neskaupstað. Kópavogsmenn eru í 2. sæti í deildinni og Leiftur í því 3.